

Nd.

604. Nefndarálit

[128. mál]

um frv. til l. um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Frv. var sent til umsagnar eftirtöldum aðilum: Skógræktarfélagi Íslands og Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Leggja báðir aðilar til, að frv. verði samþykkt.

Þá barst nefndinni erindi Páls A. Pálssonar forstöðumanns Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum, þar sem hann skýrir frá því, að samþykkt frv. óbreytts muni valda tilraunastöðinni erfiðleikum.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem tillögur eru fluttar um á þskj. 605.

Alþingi, 6. maí 1964.

Guðl. Gíslason,
form.

Birgir Finnsson,
fundaskr.
Ágúst Þorvaldsson.

Jón Skaftason,
frsm.